

FUNDARGERÐ 514. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 2. apríl 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja staðfund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Söfnun og meðhöndlun á textíl

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu söfnunar og meðhöndlunar á textíl og leggur fram minnisblað. Framboð á úrgangstextíl í Evrópu hefur aukist til muna, með þeim afleiðingum að erfiðara er að koma textíl í endurvinnslu. SORPA hefur aðgang að endurvinnslufarvegi fyrir textíl. Til að viðhalda þeim farvegi forvinnur starfsfólk SORPU textíl fyrir útflutning, með því að tína rusl úr textílnum, og tína frá textíl sem er nothæfur til innlendrar endurnotkunar. Þeim textíl er miðlað til einkaaðila, og seldur í Góða hirðinum til vara.

Framkvæmdastjóri gerir jafnframt grein fyrir því að SORPA geri þá kröfu á sína móttökuaðila á textíl að sá hluti textíls sem ekki sé tækur til endurnotkunar eða -vinnslu fari í orkuvinnslu í Evrópu.

Minnisblað fylgir fundargerð.

2. Tillaga að nýjum móttökuskilmálum og gjaldskrá á jarðvegi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um uppfærða móttökuskilmála og gjaldskrá fyrir móttöku jarðvegs á urðunarstað SORPU í Álfsnesi. Lagt er til að gjaldflokkum jarðvegs verði fjölgað, og að skerpt verði á móttökuskilmálum.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að útfæra eftirlit með þeim jarðvegi sem afhent er á urðunarstað.

Stjórn samþykkir breytingu á gjaldskrá.

Minnisblað fylgir fundargerð.

3. Staða og framvinda ESA málsins

Haraldur Flosi Tryggvason Klein og Halldór Þorkelsson, ráðgjafar SORPU í ESA-málinu, taka sæti á fundinum undir þessum lið. Haraldur og Halldór fara yfir stöðu málsins. Áætlað er að starfshópurinn skili lokaskýrslu í lok maí næstkomandi.

Orri Vignir vikur af fundi að lokinni afgreiðslu þessa liðar.

4. Uppfærð mannauðsstefna lögð fram – frestað til næsta fundar

5. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu framkvæmdastjóra.

Skýrslan fylgir fundargerð.

6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir erindisbréfi um starfshóp um endurvinnslustöðvar á Glaðheimasvæðinu. Erindisbréf fylgir fundargerð. Stjórn SORPU leggur áherslu á að ný stöð við Glaðheima verði boðin út eigi síðar en 31. maí 2026.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir því að Stena hefur að nýju opnað fyrir móttöku á blönduðum pappír, sjá fundargerð 511. fundar stjórnar SORPU og fylgiskjal. Blandaður pappír frá SORPU fer því að nýju í forflokkun hjá móttökuaðila.

Fundurinn er síðasti stjórnarfundur Árelíu Eydísar, formanns stjórnar SORPU. Stjórn þakkar Árelíu Eydísi fyrir gott og árangursríkt samstarf.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 7. maí klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:54.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um endurvinnslustöðvar við Glaðheima

31. mars 2025

Ábyrgðaraðili:

Framkvæmdastjóri SORPU bs.

Inngangur:

Í september árið 2022 barst SORPU erindi frá bæjaryfirvöldum í Kópavogi þar sem farið var fram á að lóðinni sem endurvinnslustöðin við Dalveg stendur á yrði skilað þann 1. september 2024, sjá fundargerð 471. fundar stjórnar SORPU. SORPA brást við erindinu með stofnun starfshóps, sem lagði í apríl 2023 til nýja staðsetningu fyrir endurvinnslustöð í stað stöðvarinnar við Dalveg, sjá fundargerð 479. fundar stjórnar SORPU.

Þar sem sú staðsetning þótti ekki henta var öðrum starfshóp falin leit að annarri staðsetningu í desember árið 2023, sjá fundargerð 489. fundar stjórnar SORPU. Sumarið 2024 komust Kópavogsbær og SORPA að samkomulagi um að fresta skilum á lóðinni við Dalveg til 1. september 2025. Seinni starfshópurinn skilaði svo niðurstöðu í nóvember 2024, þar sem lagt var til að ný stöð yrði á Glaðheimasvæðinu í Kópavogi, sjá fundargerð 509. fundar stjórnar SORPU.

Hópurinn áætlað að tvö til fjögur ár taki að koma stöðinni í virkni. Til að mæta þeim áskorunum sem skapast vegna lokunar stöðvarinnar við Dalveg hafa stjórnendur SORPU lagt fram aðgerðaáætlun til að draga úr neikvæðum áhrifum þessara breytinga, sjá fundargerð 510. fundar stjórnar SORPU, og fundargerð 3.205 fundar bæjarráðs Kópavogs. Meðal þeirra aðgerða sem lagt er til að ráðist verði í er tímabundin opnun lítillar endurvinnslustöðvar á Glaðheimasvæðinu, til að taka á móti hluta þeirra gesta sem nú nýta stöðina við Dalveg.

Hlutverk:

Til að vinna að uppbyggingu annars vegar tímabundinnar endurvinnslustöðvar, og hins vegar varanlegrar endurvinnslustöðvar á Glaðheimasvæðinu, kemur stjórn SORPU bs. á fót starfshópi til að vinna að undirbúningi og uppbyggingu stöðvanna. Hópurinn skal koma upp tímabundinni endurvinnslustöð á Glaðheimasvæðinu til að taka við af endurvinnslustöðinni við Dalveg eigi síðar en 1. september 2025.

Hópurinn skal einnig vinna að öllum undirbúningi sem þörf er á til að koma varanlegri endurvinnslustöð á Glaðheimasvæðinu í útboðsferli. Sú vinna felst meðal annars í lóðarvali, aðkomu að breytingu aðalskipulags, gerð deiliskipulags, gerð kostnaðaráætlunar, hönnun stöðvarinnar, kynningu hennar og öðru sem þurfa þykir. Hópurinn skal koma varanlegri endurvinnslustöð í útboð eins fljótt og verða má, og eigi síðar en 31. maí 2027.

Starfshópurinn skal með reglulegum hætti gera grein fyrir stöðu vinnu sinnar til stjórnar SORPU bs. SORPA bs. greiðir kostnað af vinnu starfshópsins.

Starfshópin skipa:

Birkir Rútsson, deildarstjóri gatnadeildar, Kópavogsbær,
Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, SORPU bs.,
Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri umhverfisgæða, Reykjavíkurborg.

Starfsmenn:

Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri SORPU bs.,
Bryndís Skúladóttir, ráðgjafi, VSÓ.


Hópurinn hefur heimild til að kalla til ráðgjafar þá ráðgjafa sem þörf er á, svo og starfsfólk SORPU bs., Kópavogsbæjar og eftir atvikum starfsfólk annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Starfstímabil:

Hópurinn skal skila niðurstöðu um tímabundna endurvinnslustöð við Glaðheima eigi síðar en 31. maí 2025.

Hópurinn skal koma varanlegri endurvinnslustöð í útboð eins fljótt og verða má, og eigi síðar en 31. maí 2027.

Virðingarfyllst,



Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.

Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni
Til: Stjórnar SORPU
Efni: Jarðvegur – nýr gjaldskrárliður í Álfsnesi

31. mars 2025

Jarðvegur – nýr gjaldskrárliður í Álfsnesi

Samantekt:

- Móttökuskilmálar jarðvegs í Álfsnesi verði endurskilgreindir með það að markmiði að þeir verði skýrari fyrir viðskiptavinum.
- Nýtt vörunúmer verði stofnað fyrir jarðveg sem telst hæfur til landnotkunar skv. reglugerð 1400/2020. Gjaldskrá verði 25.000 kr. á ferð m.vsk.
- Nýr gjaldskrárliður taki gildi þann 15. apríl 2025.

Minnisblað

Þörf er á endurskoðun á móttökuskilmálum þeirra jarðvegsflokka sem tekið er við í Álfsnesi en þeir eru sem stendur tveir. Annars vegar er um að ræða *jarðveg og uppgröft* sem tekið er á móti skv. gjaldskránni 13,84 kr/kg m.vsk og hins vegar flokkinn *olíumengaður jarðvegur* sem tekið er á móti skv. gjaldskránni 38,44 kr/kg m.vsk.

Olíumengaður jarðvegur fer í sérstakt tilraunaverkefni þar sem örverur fengnar m.a. úr moltu eru nýttar til að brjóta niður kolefnissambönd olíunnar, ásamt öðrum viðbættum efnahvötum eftir þörfum. Að meðhöndlun lokinni er jarðvegurinn m.a. nýtanlegur sem yfirlag á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.

SORPA er ekki með farveg fyrir jarðveg sem mengaður er af öðrum efnum, t.d. þungmálum, og framvísa þarf útskolunarprófi vegna móttöku á jarðvegi sem ekki telst hæfur til landnotkunar skv. reglugerð 1400/2020.

Lagt er til að flokknum *jarðvegur og uppgröftur* verði skipt í tvo flokka, eftir því hvort þörf er á að urða hann, t.d. vegna óhreininda/aðskotaefna, eða hvort hann telst hæfur í landnotkun á íbúðarsvæði/ atvinnusvæði skv. reglugerð nr. 1400/2020. Tekið verði á móti þeim jarðvegi sem þörf er á að urða á ofangreindu gjaldi en nýr flokkur verði til fyrir þann jarðveg sem telst hæfur til landnotkunar og er nýtanlegur. Gjald fyrir hann verði 25.000 kr. á ferð.

Móttökuskilmálar jarðvegs verða þá eftirfarandi:

Jarðvegur og uppgröftur - nýtt vörunúmer

Í flokkinn má einungis fara jarðvegur og sambærilegt efni úr uppgreftri sem er hæfur í landnotkun skv. viðauka í reglugerð um mengaðan jarðveg (nr. 1400/2020).

Athugið að farmar mega ekki innihalda annað efni, t.d. plast, málma, timbur o.s.frv. Jarðvegurinn er nýttur sem yfirlagsefni eða annað sambærilegt á urðunarstað.

Gjaldskrá: 25.000 kr/ferðin m.vsk

Jarðvegur og uppgröftur í urðun - vörunúmer 1211717510

Í flokkinn má einungis fara jarðvegur og sambærilegt efni úr uppgræfti sem er óhæfur í landnotkun skv. reglugerð um mengaðan jarðveg (nr. 1400/2020) og hefur staðist útskolunarpróf skv. reglugerð um urðun úrgangs nr. 738/2003. Í viðauka II í reglugerðinni koma fram viðmiðunarmörk einstakra mengunarefna í jarðvegi.

Jarðvegurinn er urðaður.

Gjaldskrá: 13,84 kr/kg m.vsk

Olíumengaður jarðvegur og uppgröftur - vörunúmer 1212817510

Tilraunaverkefni í Álfsnesi

Í flokkinn má einungis fara olíumengaður jarðvegur. Jarðvegurinn fer í vinnslu þar sem örverur fengnar úr m.a. moltu eru notaðar til að brjóta niður kolefnissambönd olíunnar, ásamt öðrum viðbættum efnahvötum eftir þörfum. Jarðvegurinn eftir meðhöndlun er svo ýmist nýttur sem yfirlag eða urðaður skv. reglugerð um mengaðan jarðveg (nr. 1400/2020).

Gjaldskrá: 38,44 kr/kg m.vsk.

Ekki er farvegur hjá SORPU fyrir annan mengaðan jarðveg en þann sem er olíumengaður.

Samandregin niðurstaða

Tekið verður á móti þremur flokkum jarðvegs með mismunandi verðum eftir því hversu flókin meðferðin er og hvað þarf að meðhöndla jarðveginn mikið.


Jarðvegur og uppgröftur, Gjaldskrá: 25.000 kr/ferðin m.vsk

Jarðvegur og uppgröftur í urðun, Gjaldskrá: 13,84 kr/kg m.vsk

Olíumengaður jarðvegur og uppgröftur, Gjaldskrá: 38,44 kr/kg m.vsk.

Lagt er til að eftirfarandi **gjaldskrá taki gildi 15. apríl 2025** með viðeigandi móttökuskilmálum.

Virðingarfyllst,



Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.

Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.
Til: Stjórnar SORPU bs.
Efni: Söfnun, forvinnsla, útflutningur og meðhöndlun á textíl

31. mars 2025

Söfnun, forvinnsla, útflutningur og meðhöndlun á textíl

Samantekt

- ☐ Reglur í Evrópu um textíl valda mikilli aukningu á framboði á úrgangstextíl í Evrópu
- ☐ Erfiðara er að koma textíll í endurnot eða -vinnslu og kostnaður hefur aukist
- ☐ Textíll verður flokkaður meira á Íslandi til að tryggja hreinleika hans þegar hann er fluttur úr landi í frekari vinnslu, og halda kostnaði í lágmarki

Minnisblað

Frá og með 1. janúar 2025 hefur það verið skylda sveitarfélaga í löndum Evrópusambandsins að sérsafna textíl. Við þessa breytingu á reglum jókst framboð á úrgangstextíl til endurvinnslu í Evrópu verulega, án þess að samsvarandi aukning yrði á vinnslugetu til að endurvinna textíl. Við þetta bætist að gæði þess úrgangstextíls sem berst til SORPU hafa dregist saman, sem gerir hann síður vinnanlegan til endurnota eða -vinnslu.

Þessar breytingar hafa leitt til þess að endurvinnsluaðilar greiða að jafnaði ekki lengur fyrir textílinn, heldur rukka hliðgjald fyrir móttöku hans. Kostnaður við meðhöndlun á textíl hefur því aukist til muna.

Til að bregðast við þessari stöðu hefur SORPA haft samband við fjölda aðila innanlands sem starfa á sviði textílendurnota, og boðið þeim að taka við eins stórum hluta þess af textíl sem okkur berst og þeir gætu nýtt. Viðbrögðin hafa undantekningarlítið verið þau sömu: framboð af úrgangstextíl til endurnota er yfirdrifið og lítil sem engin eftirspurn eftir úrgangstextíl frá SORPU til endurvinnslu eða -nota. SORPA áætla að taka í ár á móti um 3.000 tonnum af textíl, þar af um 2.100 frá söfnun á höfuðborgarsvæðinu og um 900 frá sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins.

SORPA hefur á undanförnum misserum unnið að því að koma á viðskiptasambandi við aðila í Þýskalandi og Danmörku sem geta tekið við textíl frá Íslandi til frekari vinnslu. Til að tryggja SORPU sem hagstæðust verð fyrir textílinn gera móttökuaðilarnir kröfu um að SORPA forvinni textílinn eins og kostur er, með það að markmiði að ná sem mestu rusli og aðskotahlutum úr textílnum áður en hann er sendur til móttökuaðila.


Til að verða við þessu er SORPA að koma upp textílflokkun í móttöku- og flokkunarstöðinni í Gufunesi, þar sem starfsmenn SORPU munu rýna þann textíl sem þangað berst og flokka frá rusl og aðskotahluti, sem fara í farveg orkuvinnslu, og gæðavöru sem hægt er að selja innanlands. Áfram verður reynt að koma gæðavöru til einkaaðila sem selja endurnotatextíl. Sá endurnotatextíll sem ekki er hægt að koma í hendur einkaaðila verður til þrautavara seldur í Góða hirðinum.

SORPA áætla að um 95-97% af þeim textíl sem berst í móttöku- og flokkunarstöðina verði sendur til Evrópu í frekari vinnslu, og að um 3-5% fari í innlend endurnot. Þessi hlutföll eru svipuð þeim

hlutföllum sem Rauði krossinn á Íslandi, sem áður sinnti fatasöfnun og -flokkun, náði. Á næstu 2-4 árum er stefnt að því að hækka það hlutfall sem fer í endurnot innanlands

SORPA áætlað að kostnaður við söfnun, forvinnslu, útflutning og meðhöndlun á textíl erlendis verði um 300 milljónir á árinu 2025. Í ljósi þess ítrekar SORPA ákall sitt um að úrvinnslugjaldi verði komið á allan textíl, til að tryggja að raunverulegir notendur textíl greiði fyrir meðhöndlun hans að notkun lokinni. Í núverandi umhverfi greiðir allur almenningur þennan kostnað, óháð notkun á textíl.

Virðingarfyllst,



Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.

Skýrsla framkvæmdastjóra

Stjórnarfundur 514, 02. apríl 2025

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri



Fjármálasvið og skrifstofa framkvæmdastjóra



- Lambhaginn fór í útboð, útboð opnuð 10. apríl. Áætluð afhending stöðvarinnar er 16. apríl 2026.
- Aðalfundur SORPU 9. apríl
- Viðbúnaðaræfing í netárásunum var haldin nýlega
- Innleiðing á nýju málakerfi, stjórnargátt og samningakerfi er hafin
- Samræmt flokkunarkerfi verðlaunað af verkfræðingafélaginu - teningurinn
- Vinnustofa/Fundur hjá EFLU um Hringrásargarð í Álfsnesi var haldinn nýlega



Fjármálasvið og skrifstofa framkvæmdastjóra



- Í tengslum við ESA málið var farið í norðurlandaferð og innleiðing og útfærsla laga um úrgangsmeðhöndlun könnuð.
 - Avfall Sverige (Svíþjóð): Hagsmunasamtök sveitarfélaga og fyrirtækja í úrgangs- og endurvinnslugeiranum. Samtökin sinna hagsmunagæslu, stefnumótun og miðlun þekkingar innan greinarinnar.
 - Brancheforeningen Cirkulær (Danmörk): Samtök fyrirtækja sem starfa í hringrásarhagkerfinu, m.a. með flokkun, endurvinnslu og hráefnisnýtingu. Þau vinna að þróun nýrra lausna og hafa mikil samskipti við stjórnvöld.
 - Samfunnsbedrifterne (Noregur): Hagsmunasamtök opinberra fyrirtækja í eigu norskra sveitarfélaga, þar með talið úrgangspjónustu. Vinna að því að styðja opinbera aðila í rekstri og stjórnun sameignarfyrirtækja.
 - Remiks (Tromsø, Noregur): Svæðisbundið úrgangsfyrirtæki í eigu sveitarfélaganna Tromsø og Karlsøy.
- Ferðin var gagnleg fyrir ESA verkefnið:
 - Heimsóknir sýndu að hvert land hefur sínar útfærslur á úrgangsstjórnun, með mismunandi lögum og skipulagi. Þó voru sameiginlegar áskoranir á borð við textílurgang, úrvinnslugjald og að ná endurvinnslumarkmiðum.

- Byrjað að afhenda moltu til íbúa 5. apríl í GAJU í kerruvís. Samhliða verður opnað fyrir afhendingu á moltu á völdum endurvinnslustöðvum og hjá sveitarfélögum
- Verið að setja upp umbúðaskilju fyrir matvæli í umbúðum
- Verkefni í upphafsfasa:
 - Meira geymslupláss fyrir moltu
 - Aukin afkastageta þroskunarkróa
 - Breytingar á móttökusvæði fyrir matvæli til að draga úr umferð inni í GAJU
 - Breytingar til að hægt sé að keyra GAJU á einum tanki til að auðvelda viðhald
 - Aukin loftræsting í vinnslusal GAJU til að auka loftgæði

Móttaka og flokkun

- Heildaramagn fyrstu 3 mánuði er að dragast saman. Magn óflokkaðs efnis hefur minnkað um 40% þannig að fólk og fyrirtæki eru duglegri að skila af sér flokkuðu efni til frekari vinnslu.
- Forflokkun á textíl er að hefjast í Gufunesi með það að markmiði að skila frá okkur endursölu og endurvinnslu hæfum textíl, bæði innanlands og til samstarfsaðila erlendis.
- Breyttar skilgreiningar á urðun munu auka urðun 2025 samanborið við 2024
- Vegna skorts á eftirspurn erlendis þarf tímabundið að nota timbur í managerð á urðunarstað. Nýting timburs í managerð flokkast nú sem urðun

Góði hirðirinn



- Góði hirðirinn verður 30 ára í ár, haldið upp á það 31. maí
- Aukið magn af textíl berst í gáma Góða hirðisins
- Vöruflokkar Efnismiðlunar í sölu á Köllunarklettsvegi 1
- Góði hirðirinn opnar á Breiðhelli í sumar

Þjónustustöðvar



- Góður gangur í vinnu við að koma upp tímabundinni stöð á Glaðheimasvæði
- Góður gangur í vinnu við að koma upp varanlegri stöð á Glaðheimasvæði
- Unnið að umbótaverkefnum á Breiðhelli, sem verða innleidd á aðrar stöðvar eftir þróun
- Ný starfsmannaaðstaða við Ánanaustir tekin í notkun ekki síðar en í maí
- Ný starfsmannaaðstaða í Mosfellsbæ tekin í notkun seint á þessu ári
- Unnið að endurskoðun á gjaldtöku á endurvinnslustöðvum með aukinni sjálfvirkni
- Aukin myndavélavöktun á grenndarstöðvum að hefjast
- Aukin samræming á verklagi á endurvinnslustöðvum í vinnslu